

Kennari: Linda María Hauksdóttir og Sigríður H. Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku auk vinnutíma í Stapamixi (3 X 2 kennslustundir á viku)

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inni í bekk, heimalestur og önnur heimavinna.

Bekkur: 7. bekkur

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn er virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimilum þeirra. Þetta veldur því að námsgreinin íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans.

Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er víðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar og ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur tengist því hversu sjálfsgagt það þykir á Íslandi að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Íslenskukennsla hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Nám í móðurmálinu á að taka mið af þessu og þar á að fræða um mál og bókmenntir og ekki síst efla færni í málnotkun. Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

Margþætt hlutverk náms í íslensku kallar á samstöðu og samstarf innan skóla um máluppeldi. Megintilgangi íslenskukennslu má skipta í fjóra þætti:

- Talað mál, hlustun og áhorf: Nemendur þurfa að fá þjálfun annars vegar í framburðar- og framsagnarþætti, og hins vegar í frásagnar-, samræðu-, rökræðu- og umræðuþætti.
- Lestur og bókmenntir: Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms. Nemandinn þarf að ná sjálfstæði í lestrinum og læra að beita aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Mikilvægt er að bæta stöðu þeirra sem gengur illa að læra að lesa. Nemendur þurfa að kynnast fjölbreyttum bókmenntum og læra að nýta bókmenntafræðileg hugtök í eldri bekkjum grunnskólans.
- Ritun: Greina má þjálfun í ritun í tvo megin þætti. Annars vegar er textinn sjálfur, svo sem val á textagerð, skipan efnispátta, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta, og taka uppbyggilegri gagnrýni frá öðrum og nýta hana til að bæta ritsmíðar sínar.
- Málfræði: Markmið málfræðikennslu er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> - Orðspor 3 - Málrækt 3 - Söguskinna - Draugaslóð - Kjalnesingasaga - Málið í mark - Lestrarbækur - Ítarefni - Verkefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> • Tjáð sig skýrt og áheyrilega. • Gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. • Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar. • Haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. • Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. • Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. • Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. • Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> - Yndislestur - Rökræður - Stóra Upplestrarkeppnin - Leikræn tjáning - Lesfimiþróf - Lesskilningsþróf - Hlustunarverkefni - Hugtakavinna - Verkefni úr Draugaslóð - Verkefni úr Kjalnesingasögu - Ritgerð úr Draugaslóð - Verkefni úr Orðspor 3 - Verkefni úr Söguskinnu - Sjálfsmat - Jafningjamat - Hópverkefni - Paraverkefni - Vettvangsferðir - Innlögn - Samræður - Umræðu- og spurnaraðferðir - Skapandi skil og vinna - Þjálfunaræfingar
Lestur og bókmenntir		<ul style="list-style-type: none"> • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. • Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð. • Notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. • Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur áhrif á hann. • Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum. • Greint nokkur frásagnarform bókmennta. • Getur beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguvið og boðskap. • Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap. • Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni. 	

		<ul style="list-style-type: none"> • Getur unnið úr upplýsingum frá bókum og rafrænu efni og nýtt við lausn verkefna. • Getur lagt nokkurt mat á gildi trúverðugleika upplýsinga. • Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. • Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. 	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> • Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. • Beitt algengum aðferðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. • Valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni. • Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun. • Getur notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. • Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. • Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundurinn skrifar og nýtt það við eigin ritun. • Skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu. • Getur vísað til heimilda. • Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blaði eða í tölvu. • Geti beitt réttri fingrasetningu. • Geti unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá. • Geti verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga. • Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða. • Geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu. 	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> • Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. • Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti. • Getur gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér 	

		<p>málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. • Notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta. • Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. • Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað. • Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta. • Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu. 	
Lykilhæfni		<p>Tjáning og miðlun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar. • Bregst með rökum við upplýsingum og hugmyndum. • Tekur þátt í rökræðum um viðfangsefni. • Tekur tillit til ólíkra sjónarmiða í samskiptum við fólk. • Ræðir á skýran hátt um málefni. • Notar orðaforða á fjölbreyttan hátt. • Nýtir fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum. <p>Skapandi og gagnrýnin hugsun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Spyr spurninga. • Skipuleggur eigin áætlun um efnistöð og úrvinnslu verkefna. • Getur skilgreint viðmið um árangur. • Getur nýtt sér mistök til að læra af þeim. • Getur tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga. • Getur dregið sjálfstæðar ályktanir af fyrirbyggjandi gögnum. • Getur skoðað viðfangsefni frá mismunandi sjónarhornum. • Getur miðlað viðfangsefnum á 	

		<p>skapandi hátt.</p> <p>Sjálfstæði og samvinna</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekur frumkvæði í námi sínu og sýnir sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. • Nýtir styrkleika sína. • Tekur á jákvæðan og uppbyggilegan hátt þátt í samskiptum í náminu. • Tekur leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt. <p>Nýting miðla og upplýsinga</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur nýtt fjölbreytta miðla við að leita upplýsinga. • Getur nýtt hjálpartæki á ábyrgan hátt til stuðnings í námi sínu. • Getur nýtt fjölbreytta miðla við skipulag og framsetningu upplýsinga og hugmynda. • Fylgir reglum um meðferð upplýsinga og heimilda. • Getur fjallað um ábyrga netnotkun. • Tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum. <p>Ábyrgð og mat á eigin námi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýtir styrkleika sína á skapandi hátt í námi. • Setur sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu í eigin námi. <p>Skipuleggur eigin nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</p>	
Námsmat	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lesfimiþróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilmingskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið. Stafsetningarkönnun verður lögð fyrir einu sinni.</p> <p><i>Viðmið í lestri:</i></p> <p>90% viðmið 120 orð á mínútu 50% viðmið 165 orð á mínútu 25% viðmið 190 orð á mínútu</p>		